

Mál nr. 118/2006

M v/A

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins B

Skemmdir á bifreið í staði í mars 2006, ágreiningur um tjónvald.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.06. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.07. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var lagt í bifreiðastæði. Skemmdir urðu á hlið bifreiðarinnar. M telur að rekja megi skemmdirnar til gröfu í eigu B sem hafði verið við vinnu á þessu svæði.

Í skýrslu lögreglu er m.a. getið skemmda á bifreiðinni og frásagnar móður M sem sá til ferða gröfu í umrætt sinn. Lögreglan ók um hverfið og sá til ferða gröfu. Hafði hún tal af ökumanni hennar. Ökumaðurinn kannaðist við að hafa verið í Skólabæ skömmu áður en hann kannaðist ekki við að hafa rekist utan í A. Lögreglan fór á vettvang með ökumanninum. Fram kemur að ”föru voru eftir gröfunu í snjónum upp á gangstéttinni en voru förin það langt frá bifreiðinni að ólíklegt megi teljast að þessi grafa hafi farið utan í bifreiðina.....Hæðin á dældinni á bifreiðinni er í þeirri hæð að ekkert á þessari gröfu gat rekist utan í bifreiðina þar sem farið hafði verið utan í hægri hliðarspegil og hann lagst aftur að bifreiðinni. Engin föru voru í snjónum þá leiðina.”

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann er ósáttur við þá rannsókn sem fram fór. Hann telur að vinnuvél á vegum B hjóti af bera ábyrgð á þeim skemmdum sem urðu ”sama hver grafan var”.

Vátryggingafélagið vísar til skýrslu lögreglu, virðist sem nánast útilokað sé að hin tiltekna vinnuvél hafi ekið utan í bifreiðina. Félagið telur tjónið því ekki bótaskyld.

Álit.

Úrskurðarnefndin tekur afstöðu út frá þeim gögnum sem fyrir hana eru lögð.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að ökumaður vinnuvélar, sem getið er í skýrslu lögreglu, hafi valdið skemmdum á A. Ekki er unnt að leggja bótaábyrgð á B fyrir það eitt að líklegt sé að vinnuvél hafi valdið skemmdum á A.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. ágúst 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.